



# PÉSI

ATH!! Næsti Pési kemur út í des. Efni þarf að berast í síðasta lagi 1. des. 2019



Frá Bókasafni Hrunamanna



Jólabækurnar eru farnar að streyma á bókasafnið. Því er um að gera að kíkja við og athuga hvað biður nýtt og spennandi í hillunum.

## Bókakynning

Laugardaginn 30. nóvember kl. 14:00 munu rithöfundarnir Bjarki H. Hall og Huginn Þór Grétarsson heimsækja bókasafnið. Bjarki kynnir nýútkomna bók sína, SAKNAÐ – íslensk mannhvörf og Huginn Þór barnabækur sínar. Það verður hægt að kaupa hjá þeim bækur á góðu verði og fá þær áritaðar ef vill.



### Opíð:

Mánudaga Kl. 19-20  
Þriðjudaga Kl. 16-18  
Miðvikudaga Kl. 16-18  
Fimmtudaga Kl. 11-13

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: [bokasafn@fludir.is](mailto:bokasafn@fludir.is)

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Bókasafnið er líka á  Facebook

Verið velkomin á bókasafnið.



## Sundlaugin á Flúðum. Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00

### Tækjasalur í Íþróttahúsi.

Mánudaga til fimmtudaga: 16:00-21:30

Föstudaga: 13:00-18:00

Tækjasalurinn er einnig opinn um helgar ef mót eru í gangi í húsinu. Fylgist með á facebook.



Nóv. 2019  
Ritstjóri og  
ábyrgðarmaður  
Jón G. Valgeirsson  
Heimasíða: [www.fludir.is](http://www.fludir.is)

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -  
[svanhildur@fludir.is](mailto:svanhildur@fludir.is)

29. árgangur.  
343.tölublað.  
[pesi@fludir.is](mailto:pesi@fludir.is).  
Sími. 480 6600

## Sveitarstjórapistill

Nóvember er runninn upp og þar með er formlega kominn „vetur“ sem vonandi fer vel með okkur. Það er allavega viðeigandi að fagna vetri með þeim hætti að karlar safnist saman og éti á sig gat af söltuðu hrossketi og gúmelaði. Ég þakka fyrir mína parta Karlakór Hreppamanna fyrir veisluna, bæði í maga og anda.

Það eru einnig aðrir viðburðir sem ber að fagna og vil ég minnst þar á 90 ára afmæli Flúðaskóla sem hóf störf þann 27 október 1929. Flúðaskóli stóð fyrir afar góðri afmælishátíð og svo smekkfyllri dagskrá og upplýsingum í skólanum sjálfum að það hálfra væri nóg. Það var gaman að sjá að vel var mætt af gömlum nemendum, starfmönnum og öðrum sem greinilega hafa góðar taugar til skólans. Það verður seint ofmælt að menntastofnanir hvers samfélags skapi samfélagið sjálft. Eina „vandamálið“ við afmælið verður síðan að finna staðsetningar fyrir fánastengurnar tvær sem gefnar voru skólanum í afmælisgjöf!!!

Núna höfum við staðið sveitt yfir vinnu við fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps fyrir árið 2020 auk fjárhagsáætlunar fyrir árin 2021-2023. Sú vinna hefur gengið vel og hefur farið fram með hefðbundum hætti í góðri samvinnu starfsfólks skrifstofunnar, og forstöðumanna stofnanna, nefndum og ráðum á vegum sveitarfélagsins. Það er mjög gefandi að funda með nefndum og ráðum, bæði til að miðla upplýsingum og þiggja þær, til að skapa góðann grunn fyrir starfssemi sveitarfélagsins á næsta ári. Þá hafa öll samstarfsverkefni sveitarfélaga á Suðurlandi áhrif á áætlunargerðina en eins og kunnugt er þá erum við Sunnlendingar Íslandsmeistarar í samstarfsverkefnum.

Eitt samstarfsverkefnið er „seyruverkefnið“ sem hefur vakið verðskuldaða athygli. Nú er bygging aðstöðuhúss á „Seyrustöðum“ á Flúðum vel á veg komin og ætti við það að vera komin undir þak í desember. Nú liggur fyrir að seyru sambandið ætlar að ráða þjónustufulltrúa seyruverkefnisins á næsta ári sem vonandi ætti að nýttast vel, sérstaklega þar sem aðgengisvandamál eru fyrir hendi. Hrunamannahreppur heldur utan um þennan rekstur allan saman sem er orðinn talsvert umfangsmikill en það góða við starfsseminna er að hún skapar störf í héraði sem máli skipta.

Annars virðist rekstur sveitarfélagsins vera nokkuð stöðugur en aðalóvissan lítur að kjarasamningsgerð og niðurstöðu þeirrar vinnu. Það er „aðeins“ óþægilegt að gera fjárhagsáætlanir með þeirri forsendu að ósamið er nánast við alla starfsmenn sveitarfélagsins. Það o.fl. setur okkur aðeins í óvissa stöðu varðandi uppsetningu næsta árs en þá er bara að treysta á að spámannsandinn komi yfir okkur.

Annars er búið að setja upp helstu plön í framkvæmdum og viðhaldi sem vonandi ganga fjárhagslega upp en m.a. má minnast á að við viljum ganga frá bílastæðum o.fl. í tengslum við Félagsheimilið. Þá væri afar æskilegt að geta byrjað eitthvað á að gera klárt fyrir götur og lagnir niður í Laxárhlið. Þá eru einnig í þágu nokkuð stór viðhaldsverkefni í Félagsheimili og leikskóla auk þess sem verið er að skoða hvort hægt sé að nýta milliloft í tækjageymslu í íþróttahúsi undir skólastofur með það að markmiði að geta fært tækjasal niður o.fl, sem hægt væri að skoða í þeim þælingum.

Annars er almennt gert ráð fyrir hóflegum hækkunum á gjaldskrár nema blessuð úrgangsmálin eru verulega að stríða okkur eins og frægt er orðið. Ég vil almennt hvetja fólk og fyrirtæki að strengja sér það heit á nýju ári að taka úrgangsmálin hjá sér í gegn því við eigum víst fáa valkosti til að koma frá okkur úrgangi næsta árið nema að stóla á útflutning. Þá hefur einnig verið tekin upp formleg flokkunarskylda á alla í Hrunamannahreppi en nýjar úrgangssamþykktir hafa tekið gildi sem vonandi gagnast vel í þessari vinnu. Síðan verður það spennandi verkefni að þróa starf umsjónarmanns gámasvæðis og umhverfismála í Hrunamannahreppi sem ég vil meina að geti orðið lykilstarf til að auka þjónustu og ná árangri í þessum málaflokki.

Það er gaman að sjá að Hrunamannavegur 3 á Flúðum er að taka á sig mynd. Fyrstu íbúarnir eru fluttir inn og síðan verður spennandi að sjá hvaða starfssemi kemur í húsið. Að mínu mati verður staðarþryði af þessu húsi og það hefur verið lagður mikill metnaður í þetta hús. Annars er nokkuð mikið í þágu í byggingu íbúðarhúsnæðis á Flúðum. Núna hefur raðhúsaloðum við Smiðjustíg 13a og Miðhof 4 verið úthlutað auk þess sem áður hefur verið úthlutað og ef þetta gengur eftir ættu að bætast við 15 íbúðir í raðhúsum á næsta ári. Þetta leiðir hins vegar til þess að sveitarfélagið þarf að fara að huga að næstu skrefum vegna íbúðarhúsaloða, m.a. í Laxárhlið.

Að lokum vil ég hrósa körfuboltadeild UMFH fyrir að hafa tekist á við þá áskorun að halda úti meistaflokki karla og skrá þá á Íslandsmót. Miðað við mætingu í síðasta leik þá er þetta orðið að fjölskylduviðburði í Uppsveitum að mæta á leik hjá þessum spræku strákum á ýmsum aldri.

Njótum síðan vetrarins saman.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri

Jólamarkaður Kvenfélags Laugdæla verður laugardaginn 30. nóvember kl 14.00 í húsnaði Háskóla Íslands á Laugarvatni. Lítið söluborð kostar 1.500 kr og stórt borð 3.000 kr.

Pantanir fyrir söluborð berist til Lindu [lindadoggsnae@gmail.com](mailto:lindadoggsnae@gmail.com) s. 868 2384 Eða Guðnýjar [ketilvellir@simnet.is](mailto:ketilvellir@simnet.is) s. 848 7758



## Leiga á fjallaskálum á Hrunamannafrétti

Auglýst er eftir áhugasömum aðila til að taka á leigu umsjón og rekstur á fjórum fjallaskálum Hrunamannahrepps á Hrunamannafrétti. Utleigutími húsanna er misjafn milli húsa en aðallega á tímabilinu frá 1. júní til 1. september ár hvert. Umsóknarfrestur er til 22. nóvember nk og skal umsóknum skilað á Skrifstofu Hrunamannahrepps.

Allar nánari upplýsingar er að fá hjá sveitarstjóra í síma 480-6600, netfang: [jon@fludir.is](mailto:jon@fludir.is)



## Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 á Selfossi.

Starfsmaður Slökkvitækjapjónustu Suðurlands mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.

Nánari upplýsingar á slökkvistöðinni á Selfossi í síma 4-800-900 eða á [slökkvitaeki@babubabu.is](mailto:slökkvitaeki@babubabu.is)



## Gámasvæðið á Flúðum!! Munið opnunartímann.

Opið frá kl: 13:00-18:00 alla daga



í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

### Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna  
Vinsamlegast pantið tíma

### Dósasöfnun 9. bekkjar Flúðaskóla

Kæru sveitungar

Eins og endranær þá er 9. bekkur Flúðaskóla að safna sér fyrir árlegri Danmerkurferð. Við erum þegar búin að fara eina ferð í dósasöfnun og þökkum kærlega fyrir góðar móttökur. Við gerum ráð fyrir að fara með jöfnu millibili um sveitina í vetur og safna dósam. Við munum láta vita á fésbókarsíðu sveitarinnar þegar næstu ferðir verða farnar en einnig er hægt að láta vita og við reynum að sækja.

Með fyrir fram þökk fyrir stuðninginn  
9. bekkur Flúðaskóla 2019-2020

### *Skrifstofa Hrunamannahrepps.*

*Opnunartími .*

*Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00 og 13:00-16:00*

*Föstudaga: 09:00-12:00*

**Sími: 480-6600**



Hrunamannahreppur

## Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Opið alla daga vikunnar

[www.fontana.is](http://www.fontana.is)



LAUGARVATN

**fontana**

Hölsúnd frá landnámi

Hjónaball Hrunamanna verður haldið  
**7. mars 2020**, endilega takið daginn frá.  
Hjónaballsnefndin.



## **Atvinna**

### **Umsjónarmaður gámasvæðis**

**og**

### **umhverfismála**

Hrunamannahreppur óskar eftir starfsmanni í 100% starf sem umsjónarmaður gámasvæðis og til að sinna umhverfismálum í Hrunamannahreppi. Meginstarfið felst í umsjón og umsýslu með gámasvæðinu á Flúðum, grenndarsvæðum í sveitarfélaginu og almennt með umhverfis- og úrgangsmálum. Æskilegt er að viðkomandi hafi ríka hæfni í mannlegum samskiptum og þekkingu á tæknibúnaði og vinnuvélum. Laun og ráðningarkjör eru skv. kjarasamningum Félags opinberra starfsmanna og nánara samkomulagi. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf þann 1. janúar n.k. Allar nánari upplýsingar gefur sveitarstjóri Hrunamannahrepps í síma 480 6600 eða [jon@fludir.is](mailto:jon@fludir.is). Umsóknum skal skila á skrifstofu Hrunamannahrepps í síðasta lagi 13. nóvember n.k.

## NUDD - BOWEN - MASSAGE

Nú er í boði endurnærandi heilnudd og Bowen meðferð í Íþróttamiðstöðinni Reykholti á mánudögum og þriðjudögum. Tímabókanir eru í síma eða í gegnum facebook síðu.

Einnig eru fáanleg gjafabréf í nuddmeðferðir sem eru tilvalin gjöf við öll tækifæri.



Now it´s available to get massage and Bowen treatment in Íþróttamiðstöðin Reykholt (the swimming pool) on Mondays and Tuesdays. To make an appointment please call or book through my facebook page.

- Nils Guðjónsson - Bowen tæknir -

Sími/Tel: 897-6944 - nilsgudjon@gmail.com -  
facebook.com/NG ehf



**Daglegar vöruferðir** í uppsveitir  
Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna  
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband  
Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík  
Sími 533-2211 - [www.nesfrakt.is](http://www.nesfrakt.is)  
Beint samband í flutningabíl 773-1626

**Nesfrakt**

# KRANAÞJÓNUSTA

**B. R. SVERRISSON EHF.**

Sími 864 2499 (Bjarni)  
brbjarni@gmail.com



72 tonnmeter krani • 2,3 tonn í 21 meter  
2 t spil • Bíll með drifi á framöxli

# Baggamunur

Bókhalds- og skattaþjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum

[www.baggamunur.is](http://www.baggamunur.is)

[s@baggamunur.is](mailto:s@baggamunur.is)

866-9035





## **Jólamarkaður Kvenfélags Biskupstungna**

verður haldinn í Aratungu laugardaginn 30. nóvember frá kl 13-17.

Handverk, ullarvörur, jólavörur, grænmeti, skartgripir, tombóla ofl. Tilvalið í jólapakkann! Hið víðfræga kökuhlaðborð kvenfélagskvenna verður á sínum stað! Keppt verður um frumlegasta piparkökuhúsið í þremur flokkum: 10-12; 13-15 ára og fullorðinsflokk.

Glæsilegir vinningar í boði. Þið ykkar sem hafið eitthvað skemmtilegt upp á að bjóða eruð vinsamlegast beðin um að panta borð tímanlega.

Borðapantanir og nánar upplýsinga má senda á netfangið [maggys@simnet.is](mailto:maggys@simnet.is)

**The Christmas market of the Womens Association**  
in Biskupstungur will be held in the community center Aratunga in Reykholt  
on Saturday the 30<sup>th</sup> of November from 13-17hrs.

Hand made local products and food, Christmas ornaments, jewellery and treats. You can shop all your Christmas presents there! This year, our Gingerbread house competition will be held in the categories 10-12; 13-15 years of age and grown ups. Fantastic winnings for the most original Gingerbread house! Come and experience the famous coffee and cake buffet and try your luck at the raffle! **Those of you who have something fun and Christmassy for sale are kindly requested to book a table in time.**

Table orders and more information can be sent to [maggys@simnet.is](mailto:maggys@simnet.is).

## Flokkunarhornið.

**MUNIÐ!!**  
**Pappi á að fara í pappagám!!**



**Hjörleifur Ólafsson**  
Raffræðingur Löggiltur rafverktafi

Fossi  
Hrunamannahreppi  
845 Flúðir

Sími 662 0530  
Fax 486 6432  
fossi@fossi.is

**Samkaup** **strax**

### Flúðum

Opnunartími 2019

Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-18:00

Föstudaga: 09:00-19:00

Laugardaga: 10:00-18:00

Sunnudaga: 12:00-17:00

**Verið velkomin**

Starfsfólk Samkaupa Strax á Flúðum

Sími: 486 6633

VIOLA snyrtistofa

Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað - Húðhreinsun - Fótsnyrting - Handsnyrting -

Vaxmeðferðir - Litun og plokkun.

Tímapantanir í Síma 856-1599





Öll almenn smíðavinna,  
nýsmíði, viðhald og viðgerðir  
Slavík Flúðum sími: 888-1975/865-7499



RAFMAGNVERKSTÆÐI  
JENS OG RÓBERTS

TÖKUM AÐ OKKUR:  
ALLA ALMENNA  
RAFVIRKJAPJÓNUSTU



SJÁUM UM TEIKNINGU  
OG HÖNNUN  
RAFLAGNA

JENS PÉTUR JÓHANSSON  
893-7101  
RAFJENS@EYJAR.IS

SMÆRRI JAFNT SEM  
STÆRRI VERKEFNI.

RÓBERT EINAR JENSSON  
899-9554  
ROBBIRAF@SIMNET.IS

## Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: [vondull@simnet.is](mailto:vondull@simnet.is)

# 80

## STAÐIR

UM LAND ALLT



# EIMSKIP

Flytjandi



## ÞARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Við sinnum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi.

Daglegar ferðir um alla Árnessýslu og hvert á land sem er.

Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning eða reglubundna flutningsþjónustu.

**EIMSKIP**  
Flytjandi

Háheiði 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is

# Ljósadagurinn á Laugarvatni 2019

Jólamarkaður í HÍ – vöffur og heitt súkkulaði, kveikt á jólatrénu í Bjarnalundi, kertaflEyting, kakó og piparkökur.

Hinn árlegi ljósadagur á Laugarvatni verður eins og venjulega haldinn hátíðlegur laugardaginn fyrir fyrsta sunnudag í aðventu – þann 30. nóvember



**Dagskrá dagsins verður hefðbundinn.**

**Kl. 14:00** opnar jólamarkaður Kvenfélags Laugdæla í húsnæði HÍ. Þar verður líka selt kaffi/súkkulaði og gómsætar rjóma-vöflur – markaðs- og jólastemning.

Lionsklúbburinn í Laugardal verður með blóðsykursmælingu og selur flotkerti

**Kl. 17:00** verða ljós tendruð á jólatré Lionsmanna í Bjarnalundi – jólalögin sungin



**Kl. 17:30** verður gengið niður að vatni og hin árlega kertaflEyting fer fram – hvað er jólalegra? Fontana ætlar að bjóða upp á heitt kakó og piparkökur – jólin, jólin ...

Laugdælingar – skreytum umhverfi okkar fyrir þennan merkisdag, lýsum upp skammdegið og bjóðum alla velkomna á Laugarvatn í hátíðarskapi. Njótum saman kærleika og friðar sem svífur yfir vatninu og staðnum öllum á þessum tyllidegi okkar.

# SATTELMANIA



## VERÐ FYRIR ÞRIF

HNAKKUR  
3500KR

BEISLI  
1500KR

5 HNAKKAR  
16000KR

5 BEISLI  
7000KR

Núna þegar að hausta tekur fara margir að draga undan hrossum sínum. Reiðtygin eru kannski orðin óhrein og stíf. Nú er góður tími að þrifa og bera á þau. Ég get tekið það að mér. Hringið í mig 6638011 eða sendið mér skilaboð. Ég get líka sótt það fyrir 1000kr ef ég hef tíma.  
Anna -Lovisa  
[annalovisado5@gmail.com](mailto:annalovisado5@gmail.com)

Í Vinnustofuna Kjallarann er alltaf hægt að koma með efni til endurvinnslu. Um að gera að losa sig við efni með því að endurvinna og skapa atvinnu í leiðinni. Við erum dugleg að koma því áfram sem nýttist okkur ekki svo ekki hika við að koma.

Við tökum meðal annars á mót:

- \* Kertaafgöngum og ílátum sem henta fyrir kertagerð.
- \* Handklæðum og borðdúkum, sængurfötum og lökum.
- \* tvinna og borðum
- \* inni og úti málningu
- \* Mdf plötum, furu spýtum og vatnsheldum krossvið.

Viljum líka minna á að alltaf er hægt er að koma við hjá okkur ef ykkur langar að versla hjá okkur. Við erum við á mánudögum og miðvikudögum frá 9-12 og 13-14.30 og föstudögum frá 9-12.

Hægt er að hringja fyrir uppl. í síma 6906024

Kveðja Vinnustofan Kjallarinn, Heimalandi Flúðum

## Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala



*Erla Björg Arnardóttir*

*Garðyrkjufræðingur*

*Sími: 858-3399*

*grannaland@simnet.is*

[www.sveitir.is](http://www.sveitir.is)

Upplýsingar um ferðapjónustu  
og viðburði í Uppsveitunum

# Villibráðarhlaðborð

Farmers Bistro í Flúðasveppum

16. nóvember 2019 kl. 19:30.

Pantanir í s: 519-0808 eða á

[booking@farmersbistro.is](mailto:booking@farmersbistro.is)

Garðastígur 8, 845 Flúðir

Farmers Bistro býður upp á glæsilegt villibráðarhlaðborð úr hráefni úr nærumhverfi.

Verð 12.900 kr. á mann.

Ottó Magnússon matreiðslumeistari og Karl Steinar Óskarsson, snillingar í villibráð verða gestakokkar hjá okkur.

Þeir munu töfra fram fjölda rétta ásamt starfsfólki Farmers Bistro.

Kvarts kvartettinn frábæri leikur fyrir gesti.

**Fordrykkur:** Gulrótar kokteillinn Georg mikli

**Forréttir:** Heilreyktur Hvítárlax, sveppagratineraður lax, bleikjutartar taco, bleikju ballotina, hrefnu tastaki og míní gæsaborgarar

**Aðalréttir:** Sous vide gæs, gæsalaera confit, hreindýrabollur, hreyndýrapaté, fugl dagsins, lamb, hrossalund, andar-appelsínusalat, svartfugl, lifrapaté og fleira góðgæti





Bjarnabúð óskar eftir starfskrafti

Við óskum eftir starfskrafti í 100% starf eða eftir samkomulagi.  
Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.  
Áhugasamir hafi samband við Kristinn í síma 896-7003

Bjarnabúð in Reykholt is looking for a employee.  
The person is wanted as soon as possible.  
Please contact Kristinn 896-7003



# Litla Melabúðin

## FARMERS MARKET

**Vetraropnun / Winter opening hours**

Opið fimmtudaga til sunnudaga frá kl. 13-17.

Lokað mánudaga til miðvikudaga.

Open from Thursday to Sunday from 1pm to 5pm



MELUM, FLÚÐUM  
HRUNAMANNAHREPP

Melum, Flúðum Hrunamannahrepp

@litlamelabudin

www.facebook.com/litlamelabudin/

TÓNAHÁTÍÐ FLÓAHREPPS  
í Félagslund  
70 ÁRA AFMÆLISTÓNLEIKAR

Hljómsveitin GÓSS  
SPILAR FYRIR GESTI

Sigríður Thorlacius, Sigurður Guðmundsson & Guðmundur Óskar Guðmundsson

NÓV

15

2019

FÖSTUDAGSKVÖLDIÐ KL. 21

HÚSIÐ OPNAÐ KL. 20  
LÉTTAR VEITINGAR TIL SÖLU

FINNDU OKKUR Á FACEBOOK UNDIR:  
TÓNAHÁTÍÐ Í FLÓAHREPPI

MÍÐAVERÐ  
KR. 3.500



MÍÐAPANTANIR Í SÍMA:

RÚNAR: 898 1535

SIGRÚN: 862 1574

HALLA: 862 6445 sms



# Jólahlaðborð Kaffi-Sels

*Komnum saman og eigum ljúfa  
stund í aðdraganda jólanna.*

## Matseðill

### Fordrykkur

Lax, reyktur og grafinn

Sjávarréttarsalat

Sild, heimabakæð rúgbrauð

Innbakað Oumph (sojakjöt)

Fylltur lambahryggur - Purusteik

Bayonne skinka - Hnetusteik

Hangikjöt - Kalkúnabringa

Sósur, meðlæti og gómsættir eftirréttir

Verð er 7.900 kr. / mann

Verð er 3.900 kr./mann, frítt fyrir

Eldföstudaginn minn elskennast af karleik og jólaanda.

Tilvalið fyrir

einstaklinga og

fyrirtækjahópa

að njóta góðra

veitinga í upphafi

aðventunnar.

Allir velkomnir!

Húsið opnar kl. 18.00.

Borðhald hefst kl. 19.00.

Helgina 29. nóv til 1. desember býður Kaffi-Sel, Efra-Seli við Flóðir, upp á jólahlaðborð og í hjólfarið léttu kráarstemningu.

Jóladögurður

Hlaðborð af girnilegum jólaréttum, amerískum pönnukökum, jólakaffi og kakó. Smáréttir fyrir börnin.

Verð er 3.900 kr./mann, frítt fyrir 10 ára og yngri.

Karl Hallgrímsson tónlistarmaður ásamt dóttur sinni Perlu Maríu leika ljúfa tónlist við borðhaldið og síðar um kvöldið tekur önnur stemning við þar sem Karl leikur hressa tónlist fram eftir kvöldi, eins og honum er einum lagið.



Borðapantanir skal senda á netfangið pantanir@kaffisel.is

## Flúðaskóli 90 ára



Þann 25. október síðastliðinn var haldið upp á 90 ára afmæli Flúðaskóla. Afmælið hófst kl. 16 með hátíðardagskrá í Félagsheimilinu þar sem fram komu fyrrverandi og núverandi nemendur skólans.

Að því loknu var gestum boðið upp á afmæliskaffi í skólanum og þar var einnig sýning á verkefnum nemenda og myndir frá ýmsum tímum af nemendum og starfsfólki.

Í tilefni afmælisins voru skólanum færðar veglegar gjafir.

Hrunamannahreppur gaf fánastöng og fána með merki skólans. Kvenfélag

Hrunamannahrepps gaf 200.000 krónur til skapandi verka og Límtré/Vírnet

gaf fánastöng. Foreldrafélag Flúðaskóla færði nemendum 21 borðspil. Nú í

haust ákváðu nemendur á unglingsstigi að hafa tækjalausar frímínútur þrjá daga vikunnar og er því þessi gjöf mjög kærkomin m.a. fyrir það verkefni.

Mjólkursamsalan gaf 20 lítra af rjóma, sem notaðir voru á afmæliskökur.

Karl Gunnlaugsson, Varmalæk, færði skólanum til varðveislu krók sem notaður var í steypuvinnu gamla skólahúsnæðisins.

Á þriðja hundrað gesta komu og áttu með okkur skemmtilega stund og viljum við þakka öllum innilega fyrir komuna.



Nemendur og starfsfólk Flúðaskóla

## Af hrútasýningu 2019.

Það var létt yfir mönnum í reiðhöllinni á Flúðum um helgina þegar árleg hrútasýning Hrunamanna fór þar fram. Venju samkvæmt voru þeir félagar Jökull á Ósabakka og Siffi frá Tóftum mættir í dómarastörf. Báðir eru þeir fjárglökkir með eindæmum og snöggir til í dómarastörfum sem gerði keppnina áhorfendavæna og skemmtilega. Það er óhætt að fullyrða að féð sem menn mættu með til sýningar þetta haustið hafi verið með betra móti enda veður verið afar gott í sumar. Veitt voru verðlaun fyrir efstu þrjú sætin í fimm flokkum. Einnig var sú nýbreytni í ár að áhorfendum gafst kostur á að spreyta sig í hrútaþukli á fyrirfram stiguðum lambhrútum. Mældist það ágætlega fyrir og margir áhugasamir spreyttu sig á þuklinu. Auk þessa má minnst á rollóbíngíóð sem var á sínum stað. Þá voru í fyrsta sinn veitt íhaldsverðlaun þeim sem þóttu vekja mesta athygli fyrir að halda í fé í dómi.

Fyrirtækin sem gáfu vegleg verðlaun að vanda voru: Landstólpi, Fóðurblandan, Lífland, SS, Bókakaffi Suðurlands, Hótel Flúðir og Café Mika.

### Helstu úrslit sýningarinnar: Hvítir lambhrútar

- 1.sæti Hrepphólar
- 2.sæti Grafarbakki
- 3.sæti Hrepphólar

### Besta gerða gimbrin

- 1.sæti Þverspyrna
- 2.sæti Hrepphólar
- 3.sæti Hrepphólar

### Mislitir lambhrútar

- 1.sæti Hrafnkelsstaðir (Atli og Jóhanna Bríet)
- 2.sæti Grafarbakki
- 3.sæti Haukholt (Alina og Magnús)

### Veturgamlir hrútar

- 1.sæti Ásatún
- 2.sæti Hrafnkelsstaðir (Atli og Jóhanna Bríet)
- 3.sæti Grafarbakki



# Skrautlegasta gimbrin (kosin af áhorfendum)

- 1.sæti Þverspyrna
- 2.sæti Hrúni
- 3.sæti Grafarbakki

## Hrútaþuklari hrútasýningar 2019

Óskar Snorri Óskarsson

## Íhaldsmaður hrútasýningar 2019

Anna María og Ástbjört Magnúsardætur





---



# VÖRÐUKÓRINN

Heldur útgáfutónleika  
í Skálholti 23. nóvember.

Kl: 20:30

**Miðaverð 2500**



Kórinn hefur verið að taka upp lög úr ýmsum áttum  
og nú er komið að því að geisladiskur er kominn út.

**Endilega komið og njótið með okkur**







## Dagskrá mótanefndar !

Við í mótanefnd langaði að setja drög að dagskrá vetrarins. Vetrarmótin verða á sínum stað ásamt

Páskatölmótinu okkar.

Drögin líta svona út :

Fyrsta vetrarmót Smára verður 2. feb 2020

Annað vetrarmót Smára verður 7. mars 2020

Þriðja vetrarmót Smára verður 4. apríl 2020

Páskatölmótið verður 8. apríl 2020

Við viljum samt minna á að þetta eru drög að vetrarstarfi okkar og biðjum við ykkur að fylgjast vel með á facebook síðu Smára um nánari upplýsingar.

Hlökkum til komandi vetrar 😊

Kveðja, Mótanefnd Smára



## Fréttir af æskulýðsstarfinu.

Föstudaginn 8 nóv, verður kynningarfundur

æskulýðsstarfs hestamannafélaganna Loga og Smára.

Bjóðum alla velkomna sem áhuga hafa í reiðhöllina á Flúðum

kl: 19.00, til að fá smá kynningu á því sem við höfum verið að fást við og það sem er verið að hugsa um að gera á næstu mánuðum.

Eftir að við höfum talað saman og gefið tækifæri á að spyrja og hafa áhrif á starfið ætlar Klara Sveinbjörnsdóttir reiðkennari að vera með smá atriði.

Við bjóðum upp á drykki og eitthvað sætt og salt á meðan.

Eigum góða kvöldstund saman í finu höllinni okkar.

Föstudaginn 15 nóv, förum við í hina árlegu haustferð Loga

og Smára með langferðabíl, Ferðinni er heitið austur fyrir

Þjórsá. Heimsóttir verða hestamenn og snædd pizza. Takið daginn frá.

Æskulýðsnefnd Loga og Smára




## Kæru félagar

Nú er veturinn komin til okkar eftir gott sumar og haust, þá förum við að undirbúa komandi vetur í starfi félagsins. Stjórn og nefndir hafa fundað og erum við komin með nokkuð góða dagskrá fyrir veturinn. Uppsveitadeildin mun vera á sínum stað, vetrarmótin, bingó, námskeið bæði fyrir börn og unglinga, námskeið fyrir fullorðna, undirbúningur fyrir úrtöku LM, Páskatölt, Firmakeppni, fyrirlestrar og sýnikennsla. Ef það er eitthvað sem ykkur finnst vanta eða hafið góða hugmynd af, endilega hafið samband við stjórnina. Við munum auglýsa viðburðina á facebook félagsins og heimasíðu, einnig er hægt að sjá á heimasíðu reidhallarinnar reidhollin.is og fara í dagatal til að sjá viðburði hallarinnar. Við minnum á að smárakrakkar eru líka á facebook undir smárakrakkar hestamannafélagið Smári.

Við héldum glæsilegt opið Landstólpagæðingamót með Trausta í sumar, þar var Landstólpi styrktaraðili mótsins. En þetta er þriðja árið í röð sem við höldum þetta mót í þessu formi, Landstólpi hefur verið styrktaraðili mótsins öll þessi þrjú ár. Við þökkum þeim fyrir stuðningin og þeirra framlag til hestamennsku í uppsveitunum. Mótið hefur fengið mjög góðar viðtökur og þátttakan virkilega góð, við getum verið stolt af þessi glæsilega móti okkar. En svona stórt mót er ekki hægt að halda nema með mikilli vinnu og sjálfböðastarfi, við þökkum kærlega öllum þeim sem hjálpuðu okkur að halda mótið.

Reiðvegum fjölgar jafnt og þétt hjá okkur í félaginu, þetta er langhlaup með svona stórt svæði og kostnaður mikill á hvern kílómetrann. Því er það dýrmætt þegar bændur og aðrir sjálfböðaliðar taka sig saman og hefja reiðvegagerð með félaginu. Þannig er hægt að lækka kostnað heilmikið með þessari sjálfböðavinnu og þökkum við öllum þeim sem tóku þátt í þessu verkefni með okkur og vonandi sjá fleiri bændur og hestamenn sig í þessu verkefni með okkur á komandi árum. Reiðvegaskilti hafa verið sett á flesta nýja reiðvegi, hér í Hrunamannahreppi og hefur Heimir Gunnarsson verið forsprakkinn í því að setja þau upp ásamt öðrum sjálfböðaliðum. Við þökkum þeim fyrir þeirra vinnu og Hrunamannahreppi fyrir skiltin.



Á síðasta aðalfundi Smára var samþykkt að hækka félagsgjöldin um 2000 kr, þau færu þá úr 6000 kr í 8000 kr árgjaldið. Fara þessar 2000 kr beint til Reiðhallarinnar en í staðinn fá félagsmenn aðgang að reiðhöllinni. Reiðhöllin er eign okkar sem við verðum að passa vel uppá og er hún dýrmæt fyrir félagið. En hún hefur verið lyftistöng fyrir allt starf síðan hún var reist og er hún að nýtast vel til allskonar starfa og viðburða. Það verður þannig að þegar félagi hefur greitt sitt félagsgjald sendir hann póst til reiðhallarinnar og fær aðgang að reiðhöllinni. Ferlið gæti tekið nokkra daga, félagsgjöldin verða send út í desember.

Við viljum líka hvetja hestamenn að vera í félaginu, því fleiri sem við erum því öflugri erum við. Miðað við mörg önnur félög er okkar árgjald mjög sanngjarnt.

Formannafundur var haldinn í Reykjavík 1.nóvember, og sendi Smári tvo fulltrúa á fundinn. Var mikill áhersla lögð á nýliðun í hestamennsku, mikilvægi þess að hestamenn væru í hestamannafélagi, reiðvegamála og að hestamannafélögin hjálpist að við uppbyggingu alls starfs í hestamennsku í landinu og þá framtíðarsýn sem við viljum hafa saman. Það er nauðsynlegt að við skiptumst á með hugmyndir og úrvinnslur, erum ekki öll í okkar horni að reyna að finna upp hjólið. Eiríkur Vilhelm Sigurðsson hélt kynningu á Landsmóti hestamanna sem verður haldið á Hellu 2020, undirbúningur gengur vel og hvetjum við okkar félagsmenn að mæta á Landsmót 2020. Upplýsingar um LM er að finna á [landsmot.is](http://landsmot.is). Einnig er gaman að fylgjast með á vef Landssambands Hestamannafélaga [lhhestar.is](http://lhhestar.is) þar er að finna margar góðar upplýsingar. LH er að vinna mikið og gott starf fyrir okkur hestamenn í landinu og margt spennandi framundan.

Við hlökkum til að starfa með ykkur í vetur og við vonum að þið verðið dugleg að mæta á viðburði félagsins.

Kær kveðja

Hulda Hrönn Stefánsdóttir formaður

Rósa Birna Þorvaldsdóttir varaformaður

Elín Moqvist gjaldkeri

Ragnheiður Hallgrímsdóttir ritari

Jón Willam Bjarkason meðstjórnandi





## HRUNAPRESTAKALL

Kæru sveitungar. Ég leyfi mér að minna á fjölbreytt helgihald framundan í kirkjunum okkar. Þar á meðal hversdagsmessu á fimmtudagskvöldi, afmæliskvöldmessu með ættjarðarlögum og aðventuhátíðir.

**7. nóv. – fim:** *Hversdagsmessa* í Hrunakirkju á fimmtudagskvöldi kl. 20.

**17. nóv.:** *Fjölskylduguðspjónusta* í Hrunakirkju kl. 11 og *ættjarðalagamessa* í Stóra-Núpskirkju kl. 20. 110 ára afmæli kirkjunnar fagnað og fólk hvatt til að mæta í þjóðbúningi til messu.

**30. nóv.(lau.):** *Helgistund* í Hrunakirkju kl. 14 og *helgistund* í Hrepphólakirkju kl. 15. Kveikt á ljósum í kirkjugarði.

**01. des.:**

**Aðventusamkoma í Árnesi kl. 15.** Nemendur Þjósárskóla syngja og leika. Fermingarbörn verða með upplestur og kirkjukórinn syngur. **Ræðumaður: Sr. Kristján Björnsson vígslubiskup.**

**Aðventukvöld í Hrunakirkju kl. 20.** Kirkjukórinn syngur. Flutt verður jólasaga. **Ræðumaður: Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður Samtaka iðnaðarins.**

Sjáumst í kirkjunni!

Óskar Hafsteinn Óskarsson  
sóknarprestur

